

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, undirskrifuð af forsetanum 12. marz 1945, nr. 64.

Lög um endurveitingu borgararéttinda, undirskrifuð af forsetanum 16. marz 1945, nr. 65.

Lög um útsvör, undirskrifuð af forsetanum 12. apríl 1945, nr. 66.

Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

Lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 68.

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 69.

Lög um fasteignamat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 70.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 71.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um að Raufarhafnarhreppur verði sérstök dómþinghá.

46

14. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, og ósk hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Raufarhafnarhreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað í Raufarhafnarkaup-túni, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birt-ingar.

AUGLÝSING

47

26. febr.

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu	um skrásetningu hlutafélags	115 kr.
2.	—	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að	25 —
3.	—	um skrásetningu firma, sem einn er eigandi að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	30 —
4.	—	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að	30 —
5.	—	um skrásetningu firma, sem tveir eru eigendur að, ef jafnframt er veitt prókúruumboð	35 —
6.	—	um skrásetningu firma, sem þrír eða fleiri eru eigendur að	50 —
7.	—	um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	25 —

6

- 47 8. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt.
26. febr. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl. 40 kr.
9. — — — — — um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum 15 —
Gjaldskylt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framan-
greindra liða, greiðist með fimm krónum fyrir hvern dálkcentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. marz n. k. og gildir unz öðruvisi kann að verða ákveðið.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

48
2. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Reykhólahrepps, Barðastrandarsýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Reykhólahrepps og skal heimili hans og varnarþing vera í Reykhólahreppi.

2. gr.

Trygging sú er sparisjóðurinn hefur fyrir innstæðufé sparifjäreigenda og öðrum skuldbindingum er:

1. Sjóðeign hans.
2. Skuldabréf, verðbréf og aðrar eignir.
3. Varasjóður.
4. Ábyrgðarmenn.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12 — tólf —. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.